

---

**1996 nr. 74 5. júní**  
**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum**

Tóku gildi 19. júní 1996. Breytt með: L. 135/2011 (tóku gildi 1. okt. 2011).

■ **1. gr.**

[Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum

sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988 og bókun um breytingu á honum sem gerð var í París 27. maí 2010. Samningurinn og bókunin eru prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá Stjóð. A 1996, bls. 226–238, og Stjóð. A 135/2011. <sup>2)</sup> L. 135/2011, 1. gr.

■ **2. gr.**

[Þegar samningurinn og bókunin er um ræðir í 1. gr. hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 135/2011, 2. gr.

■ **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.